

REGLUGERÐ

um lista yfir störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar í skilningi laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar sem tímabundinn skortur er á hér landi og falla undir 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, sbr. lista yfir störf í viðauka.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að afmarka þau störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar sem tímabundinn skortur er á hér á landi og falla undir 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga í samræmi við stefnu stjórnvalda og þarfir atvinnulífsins hverju sinni.

3. gr.

Listi yfir störf.

Með störfum sem krefjast sérhæfðrar þekkingar sem tímabundinn skortur er á hér á landi er ekki átt við önnur störf en þau sem eru sérstaklega tilgreind í viðauka og falla jafnframt undir starfaflokkun ÍSTARF21.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, öðlast þegar gildi.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 3. júlí 2023.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Bjarnheiður Gautadóttir.

VIÐAUKI**Listi yfir störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar sem tímabundinn skortur er á hér á landi og falla undir starfaflokkun ÍSTARF21.**

Númer starfaflokks	Heiti starfaflokks
1223	Störf stjórnenda í rannsóknnum og þróun.
1330	Störf stjórnenda í upplýsinga- og fjarskiptatækni.
1411	Störf stjórnenda í hótélrekstri.
2166	Sérfræðistörf í grafískri hönnun og margmiðlunarhönnun.
2433	Sérfræðistörf við sölu á lyfjum, tækjum og tæknibúnaði.
2434	Sérfræðistörf við sölu á upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnaði.
2511	Sérfræðistörf við greiningar á tölvukerfum.
2512	Sérfræðistörf við hugbúnaðarþróun.
2513	Sérfræðistörf við vef- og margmiðlun.
2514	Sérfræðistörf við forritun.
2519	Sérfræðistörf við þróun og greiningu á hugbúnaði ót.a.s.
2521	Sérfræðistörf við hönnun og umsjón gagnagrunna.
2522	Sérfræðistörf við kerfisstjórn.
2523	Sérfræðistörf við netkerfi.
Númer starfaflokks	Heiti starfaflokks
2529	Sérfræðistörf við gagnagrunna og netkerfi ót.a.s.
3111	Tæknistörf í efna- og eðlisfræði.
3119	Tæknistörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði.
3211	Tæknistörf við sjúkdómsgreininga- og lækningatæki.
3212	Tækni- og rannsóknarstörf í lífeindafræði.
3213	Störf við lyfjatækni.
3142	Tæknistörf í landbúnaði.
3511	Tæknistörf við kerfisstjórn.
3512	Tæknistörf við notendabjónustu í upplýsinga- og fjarskiptatækni.
3513	Tæknistörf við netkerfi.
3514	Störf við veftækni.
3521	Tæknistörf við upptökur og útsendingar.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.